

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 152/2006**

**frá 8. desember 2006**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2006 frá 27. október 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB frá 1. ágúst 2006 ..... <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„23ba. **32006 L 0070**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB frá 1. ágúst 2006 ..... (Stjtið. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 29).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/70/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 366, 21.12.2006, bls. 68, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 64, 21.12.2006, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 29.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.